# Lögbirtingablað

Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

**Skrifstofa blaðsins**
**er í Síðumúla 29, 2. hæð,**
**150 Reykjavík.**
**Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.**
**Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is**
**Árg. kostar 2.500 krónur,**
**hvert eintak 65 krónur.**

**Nr. 45** **94. ár** **Miðvikudaginn 11. apríl 2001**

## Laus störf

Brautarholtsskóli, Skeiðahreppi, auglýsir lausar kennarastöður við skólann. Um er að ræða almenna kennslu nemenda í 1.-7. bekk.

Upplýsingar veita Rut Guðmundsdóttir, skólastjóri, sími: 486 5505, hs.: 486 6434 og Jón Vilmundarson, formaður skólanefndar, hs.: 486 5592.

(4417

Biskupstungnahreppur auglýsir lausar kennarastöður við Reykholtsskóla í Biskupstungum.

Almenn kennsla barna, tónmennt, myndmennt og smíðar. Nánari upplýsingar gefa skólastjóri Arndís Jónsdóttir í síma 486 8928, 891 7779, sveitarstjóri í síma 486 8808, 861 7227 eða formaður fræðsluráðs í síma 486 8864.

Umsóknarfrestur er til 20. apríl 2001.

Reykholtsskóli er einsetinn grunnskóli. Skólinn er vel hannaður og góður vinnustaður, staðsettur í fallegu umhverfi í Reykholti, Biskupstungum. Lögð er áhersla á þróun og samstarf skólastiga, leikskóla og grunnskóla. Þróunarsjóður grunnskóla styrkir verkefnið íslenska og lífsleikni, tengsl milli skólastiga. Skólinn hefur einnig hlotið styrk til þróunar á sviði upplýsingatækni. Kennaraíbúðir eru í boði.

*Reykholt er í 90 km fjarlægð frá Reykjavík. Þar er sundlaug, íþróttahús, leikskóli, verslun, banki, félagsheimili o.fl. Heilsugæslustöð er í Laugarási, Biskupstungum. Fjölbreytt menningar- og atvinnulíf.*

**Fræðslunefnd Biskupstungna.**

(4418

Við Verkmenntaskólann á Akureyri eru eftirtaldar kennarastöður lausar til umsóknar og veitast frá og með 1. ágúst nk.:

Íslenska (1/1).
Grunnteikning og fagteikning málmiðna (3/4).
Málmiðngreinar (1/1).
Tölvugreinar (1/1).
Viðskiptagreinar (1/1).

Einnig er auglýst eftir starfsmanni í verkefnisstjórn, sem m.a. fæli í sér ritstjórn heimasíðu skólans og umsjón með vef hans, þjónustu við starfsfólk og nemendur þar að lútandi o.fl.

Laun eru skv. kjarasamningi K.Í. og fjármálaráðuneytis.

Umsóknarfrestur rennur út þremur vikum eftir að auglýsing þessi birtist.

Nánari upplýsingar veitir undirritaður í síma 461 1710 og Hálfdán Örnólfsson, aðstoðarskólameistari.

**Hjalti Jón Sveinsson** skólmeistari.

(4686

Laus eru ýmis störf við grunnskóla Reykjavíkur.

*Langholtsskóli*, sími: 553 3188. Umsjónarmaður skóla (húsvörður), þarf að geta hafið starf 7. júní.

*Laugarnesskóli*, sími 588 9500. Kennara eða uppeldismenntaðan starfsmann til að sjá um skóladagvist.

## Auglýsing
### um ný frímerki

Miðvikudaginn 18. apríl 2001 gefur Íslandspóstur hf. út tvö ný frímerki með íslenska fjárhundinum að verðgildi 40 krónur og 80 krónur. Einnig verða gefin út tvö frímerki með gömlum flugvélum að verðgildi 55 krónur og 80 krónur.

Frímerkin gilda sem greiðsla fyrir hvers konar burðargjald þar til annað verður ákveðið.

Reykjavík, 27. mars 2001.
**Íslandspóstur hf.**

4399)

## Auglýsing
### um umferð í Reykjavík

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bann við bifreiðastöðum við austurkant Mjóstrætis frá útkeyrslu bílahússins Vesturgötu 7 að gatnamótum við Vesturgötu.
2. Bann við bifreiðastöðum frá stað á móts við vesturhorn Hallveigarstígs 7 vestur fyrir aðalinngang Hallveigarstígs 1.

Ákvörðun þessi tekur gildi 6. apríl 2001.

Reykjavík, 2. apríl 2001.
Lögreglustjórinn í Reykjavík,
**Böðvar Bragason.**

4550)

## Yfirlit
### yfir álagningu sérstaks gjalds á árinu 2000 vegna ólögmæts sjávarafla, samkvæmt lögum nr. 37 27. maí 1992

Heildarálagning á árinu kr. 29.587.128

| | | *Sundurliðun:* | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| *Nafn útgerðar* | *Heiti skips* | *Skipaskrárnr.* | *Einkst.* | *Einknr.* | *Álagt gjald kr.* |
| Styrmir KE 11 ehf. Keflavík | Styrmir | 51 | KE | 11 | 65.413 |
| Sæunn Axels ehf. Ólafsfjörður | Kristján | 76 | ÓF | 51 | 181.302 |
| Sæunn Axels ehf. Ólafsfjörður | Kristján | 76 | ÓF | 51 | 10.033.920 |
| Fiskanes hf. Grindavík | Geirfugl | 88 | GK | 66 | 1.432 |
| Fiskanes hf. Grindavík | Gaukur | 124 | GK | 660 | 156.017 |
| Vinnslustöðin hf. Vestmannaeyjar | Trausti | 133 | ÁR | 80 | 28.167 |
| Hyrnó ehf. Patreksfjörður | Háhyrningur | 163 | BA | 233 | 9.138 |
| Ögmundur ehf. Vestmannaeyjar | Adólf Sigurjónsson | 177 | VE | 182 | 252.661 |
| Útgerðarfélagið Vísir ehf. Sandgerði | Sigþór | 185 | ÞH | 100 | 105.660 |
| Nesver ehf. Hellissandur | Þorsteinn | 219 | SH | 145 | 21.151 |
| Sæhamar ehf. Vestmannaeyjar | Guðrún | 243 | VE | 122 | 58.910 |
| Árnes hf. , Stokkseyri Þorlákshöfn | Hafnarröst | 249 | ÁR | 250 | 76.674 |
| Kristinn Friðþjófsson Hellissandur | Hamar | 253 | SH | 224 | 16.917 |
| Valdimar ehf. Vogar | Ágúst Guðmundsson | 262 | GK | 95 | 370.143 |

| *Nafn útgerðar* | *Heiti skips* | *Sundurliðun: Skipaskrárnr.* | *Einkst.* | *Einknr.* | *Álagt gjald kr.* |
|---|---|---|---|---|---|
| Sjóborg ehf.<br>Reykjavík | Knútur | 284 | RE | 22 | 133.244 |
| Hrísar ehf.<br>Grindavík | Gullfaxi | 297 | GK | 14 | 79.817 |
| Útgerðarfélagið Skaginn ehf.<br>Grindavík | Eldey | 450 | GK | 74 | 451.321 |
| Jökull hf.<br>Raufarhöfn | Reistarnúpur | 586 | ÞH | 273 | 21.825 |
| Jón Elías Vagnsson<br>Hnífsdalur | Ritur | 612 | ÍS | 22 | 48.210 |
| Stapaklettur ehf.<br>Höfn | Hrafnsey | 619 | SF | 8 | 59.700 |
| Blátoppur ehf.<br>Hafnarfjörður | Sigurbjörg Þorsteins | 626 | BA | 165 | 6.255 |
| Fiskanes hf.<br>Grindavík | Reynir | 733 | GK | 47 | 5.026 |
| Vinnslustöðin hf.<br>Vestmannaeyjar | Haförn | 892 | VE | 21 | 15.778 |
| Bervík ehf.<br>Ólafsvík | Bervík | 936 | SH | 343 | 2.599.798 |
| Eldhamar ehf.<br>Grindavík | Eldhamar | 1000 | GK | 13 | 17.738 |
| Skinney-Þinganes hf.<br>Höfn | Steinunn | 1014 | SF | 10 | 3.885 |
| Ísfélag Vestmannaeyja hf.<br>Vestmannaeyjar | Heimaey | 1035 | VE | 1 | 195.865 |
| Sæhamar ehf.<br>Vestmannaeyjar | Gjafar | 1039 | VE | 600 | 134.485 |
| Valdimar ehf.<br>Vogar | Austurborg | 1075 | GK | 91 | 193.062 |
| Hafsúlan ehf.<br>Hvammstangi | Fiskanes | 1081 | NS | 37 | 193.000 |
| Útgerðarfélagið Arnbjörg ehf.<br>Reykjavík | Einsi Jó | 1092 | GK | 19 | 55.360 |
| Pétursvör ehf.<br>Bíldudalur | Sigurbjörg Þorsteins | 1100 | BA | 65 | 96.326 |
| Hánes ehf.<br>Reykjavík | Geir goði | 1115 | GK | 245 | 122.299 |
| Auðbergur ehf.<br>Hafnarfjörður | Sigurbjörg | 1129 | SH | 48 | 19.966 |
| Steinunn ehf.<br>Ólafsvík | Steinunn | 1134 | SH | 167 | 184.823 |
| I.R.S. ehf.<br>Reykjavík | Látraröst | 1156 | ÍS | 100 | 317.246 |
| Þorbjörn Fiskanes hf.<br>Grindavík | Skúmur | 1170 | GK | 111 | 59.273 |
| Útgerðarfélagið Haförn ehf.<br>Ólafsvík | Grótta | 1171 | RE | 26 | 220.058 |
| Valdimar ehf.<br>Vogar | Dagný | 1173 | GK | 295 | 1.690 |
| Björn Elías Ingimarsson<br>Hnífsdalur | Finnbjörn | 1181 | ÍS | 37 | 20.337 |
| Eiður Þór Gylfason<br>Mosfellsbær | Una | 1237 | SU | 89 | 26.215 |
| Keilir KE 111 ehf.<br>Keflavík | Örlygur | 1263 | KE | 111 | 46.245 |
| Faldur ehf.<br>Þórshöfn | Faldur | 1267 | ÞH | 153 | 47.211 |
| Aðalbjörg sf<br>Reykjavík | Aðalbjörg II | 1269 | RE | 236 | 32.310 |
| Hraðfrystihúsið hf.<br>Hnífsdalur | Páll Pálsson | 1274 | ÍS | 102 | 192.223 |
| Jóhann Halldórsson<br>Vestmannaeyjar | Suðurey | 1297 | VE | 500 | 1.211.376 |
| Njáll ehf.<br>Garður | Benna Sæm | 1305 | GK | 26 | 17.808 |
| Básafell hf.<br>Ísafjörður | Bjarmi | 1321 | BA | 326 | 375.825 |
| Gunnvör hf.<br>Ísafjörður | Framnes | 1327 | ÍS | 708 | 23.991 |
| Útgerðarfélag Vestmannaeyja hf.<br>Vestmannaeyjar | Eyjaberg | 1343 | VE | 62 | 7.201 |
| Síli ehf.<br>Ólafsvík | Jón Guðmundsson | 1390 | ÍS | 75 | 17.863 |
| Sætröll ehf.<br>Patreksfjörður | Árni Jóns | 1423 | BA | 14 | 833.856 |
| A- Fiskur ehf.<br>Seltjarnarnes | Mars | 1441 | HF. | 53 | 92.725 |
| Íshúsfélag Ísfirðinga hf.<br>Ísafjörður | Stefnir | 1451 | ÍS | 28 | 284.319 |
| Ef ehf.<br>Patreksfjörður | Von | 1468 | BA | 33 | 86.850 |
| Eyvindur ehf.<br>Keflavík | Eyvindur | 1475 | KE | 37 | 12.358 |
| Fiskiðjan Skagfirðingur hf.<br>Sauðárkrókur | Hegranes | 1492 | SK | 2 | 6.919 |
| Hafþór Barði Birgisson<br>Garður | Sunna Líf | 1523 | KE | 7 | 22.672 |

*Selásskóli*, sími 567 2600. Umsjónarmaður skóladagvistar, æskileg menntun: leikskólakennari eða grunnskólakennari.

*Seljaskóli*, sími 557 7411. Enska og danska á unglingastigi vegna forfalla til vors.

*Vesturbæjarskóli*, sími 562 2296. Skólaliðar til að sinna ýmsum störfum m.a. í skóladagvist, við baðvörslu og þrif. Starfsmaður til að annast umsjón með léttum málsverði fyrir starfsfólk skólans.

Laun skv. kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Umsóknarfrestur rennur út 30. apríl 2001.

Umsóknir ber að senda í skólann.

Nánari upplýsingar um ofangreind störf fást á www.job.is.

**Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.**

(4688

# Stefnur

**Ólöf Pétursdóttir,**
**dómstjóri héraðsdóms Reykjaness**

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Vilhjálmur Þórhallsson hrl., Lögfræðistofu Suðurnesja ehf., að hann þurfi fyrir hönd Dagfríðar Arnardóttur, kt. 150358-2059, Norðurvöllum 50, Keflavík, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjaness til ógildingar tveggja tryggingarbréfa sem hún telur glötuð.

*Dómkröfur:* Stefnandi gerir þær dómkröfur að tvö tryggingabréf útgefin 28. janúar 1999 af henni til handhafa að fjárhæð kr. 3.200.000 og kr. 3.800.000 með veði í húseigninni Norðurvöllum 50, Keflavík, verði ógilt með dómi.

*Fyrirsvar:* Vilhjálmur Þórhallson hrl., flytur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

*Málsástæður og önnur atvik:* Stefnandi kveður málavexti vera þá að hvorki hafi verið gefnir út né samþykktir víxlar samsvarandi tryggingarbréfunum eða gengið frá öðrum skuldaviðurkenningum tengdum þeim þó svo að ætlunin hafi verið að nota þau í viðskiptum, sem ekkert varð úr. Bréfunum hafi verið þinglýst hjá embætti sýslumannsins í Keflavík 1. febrúar 1999, þau fengið númerin 303/1999 og 304/1999 og þau send 1. febrúar 1999 svila stefnanda Sigurði Rúnari Gunnarssyni, kt. 060465-3209, vegna Juris ehf., fyrirtækis hans. Sigurður kveðst hafa veitt bréfunum viðtöku og hann staðfestir að þau hafi glatast í hans vörslu. Þar sem bréfin eru glötuð og hafa ekki fundist þrátt fyrir mikla leit þá er brýn nauðsyn fyrir stefnanda að fá þau ógilt með dómi svo að unnt verði að aflýsa þeim.

*Lagarök:* Stefnandi kveðst vísa til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins kveðst stefnandi munu leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Beiðni um útgáfu ógildingarstefnu.
4. Ljósrit tryggingarbréfanna.
5. Ábyrgðarbréf (fylgiseðil) sýslumannsins í Keflavík til Juris ehf.

6.-7. Yfirlýsingar stefnanda og Sigurðar Rúnars Gunnarssonar.

8. Lögbirtingablað er stefna þessi birtist í.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hverjum þeim er kann að hafa framangreind tryggingarbréf undir höndum eða telur til réttar yfir þeim að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjaness, sem háð verður í dómsalnum að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, miðvikudaginn 23. maí 2001 kl. 14.00, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til bréfanna, þar sem ella má búast við að ógildingardómur gangi.

Stefnufrestur ákveðst 1 mánuður.

Hafnarfirði, 27. mars 2001.
**Ólöf Pétursdóttir.**

(4410

**Dómstjóri héraðsdóms Reykjaness,**
**Ólöf Pétursdóttir**

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Klemenz Eggertsson hdl., Garðatorgi 5, Garðabæ, að hann þurfi fyrir hönd Blanca Astrid Barrero, kt. 270565-2049, Hrísmóum 4, Garðabæ, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjaness.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að Höskuldur Hildibrandsson, kt. 280256-0059, eiginmaður stefnanda, síðast til heimilis að Hrísmóum 4, Garðabæ, sem hvarf við Gullfoss, hinn 14. nóvember 2000, skuli með dómi talinn látinn.

*Fyrirsvar:* Klemenz Eggertsson hdl., Garðatorgi 5, Garðabæ, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

*Málsástæður og önnur atvik:* Hinn 14. nóvember síðastliðinn fannst bifreið hins horfna mannlaus við Gullfoss. Voru spor hans rakin út á ísspöng nokkru fyrir ofan Gullfoss og þar fannst derhúfa hins horfna. Ítarleg leit fór fram á svæðinu og niður með Þjórsá næstu daga, en án árangurs. Hefur ekkert spurst til hins horfna síðan. Lögreglurannsókn fór fram bæði af hálfu sýslumannsins á Selfossi og í Hafnarfirði og sé ljóst að yfirgnæfandi líkur séu á að hinn horfni sé látinn.

*Tilvísun til helstu lagaákvæða:* Vísað er til 2. mgr. 6. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 44/1981 með áorðnum breytingum.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Stefnu þessa.
2. Rannsóknargögn lögreglunnar á Selfossi og Hafnarfirði.
3. Hjúskaparvottorð.
4. Lögbirtingablað það sem stefna þessi birtist í.

*Fyrirkall:* Dómþing þar sem ofangreind krafa um að Höskuldur Hildibrandsson, kt. 280256-0059, síðast til heimilis að Hrísmóum 4, Garðabæ, sem hvarf við Gullfoss hinn 14. nóvember síðastliðinn, verði með dómi talinn látinn, verður háð í héraðsdómi Reykjaness, Brekkugötu 2, Hafnarfirði, fimmtudaginn 12. júlí 2001 kl. 9.00 árdegis. Þeir sem upplýsingar gefa gefið í málinu eru hvattir til að tilkynna dóminum um vitneskju sína.

Stefnufrestur ákveðst þrír mánuðir.

Hafnarfirði, 30. mars 2001.
e. u. **Jónas Jóhannsson** héraðsdómari.

(4412

**Aðilar málsins eru:**

*Stefnandi:* Einar Ólafsson, kt. 080864-5589, Krummahólum 2, 111 Reykjavík.

*Stefndu:* Guðmundur Otri Sigurðsson, kt. 121264-3589, óstaðsettur í hús, Kópavogi og Lára Grettisdóttir, kt. 210663-2909, með lögheimili að Nýbýlavegi 14, Kópavogi.

*Málflutningsumboð:* Árni Grétar Finnsson hrl., Strandgötu 25, Hafnarfirði, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 125.000 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 125.000 frá 17. maí 2000 til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum að fjárhæð kr. 10.000. Auk þess er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram málskostnaðarreikning við aðalflutning málsins ef til kemur. Þá er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

*Málsatvik og málsástæður:* Krafa stefnanda er byggð á 1. víxli.

| *Útgáfud.* | *Gjalddagi* | *Upph. kr.* | *Greiðslustaður* |
|---|---|---|---|
| 30. mars 2000 | 17. maí 2000 | 125.000 | Landsbanki Íslands hf. |

Stefndi, Guðmundur Otri Sigurðsson, átti heima að Dalbrekku 12, Kópavogi, þegar víxill-

| *Nafn útgerðar* | *Heiti skips* | *Sundurliðun: Skipaskrárnr.* | *Einkst.* | *Einknr.* | *Álagt gjald kr.* |
|---|---|---|---|---|---|
| Ágúst Bogason Djúpivogur | Lottó | 1561 | SU | 538 | 93.750 |
| Útgerðarfélagið Marína ehf. Reykjavík | Baldur Árna | 1603 | RE | 102 | 5.349 |
| Farsæll ehf. Grindavík | Farsæll | 1636 | GK | 162 | 245.534 |
| Básafell hf. Ísafjörður | Gyllir | 1640 | ÍS | 261 | 216.357 |
| Valdimar E. Geirsson Akranes | Valdimar | 1644 | AK | 15 | 14.383 |
| Valdimar ehf. Vogar | Þuríður Halldórsdóttir | 1645 | GK | 94 | 115.216 |
| Melanes ehf. Hafnarfjörður | Enok | 1666 | AK | 8 | 50.009 |
| Soffanías Cecilsson hf. Grundarfjörður | Sóley | 1674 | SH | 124 | 160.244 |
| Birnir ehf. Bolungarvík | Gunnbjörn | 1686 | ÍS | 302 | 3.560 |
| Gjögur ehf., Grenivík Reykjavík | Hákon | 1807 | ÞH | 250 | 1.908.633 |
| Rani ehf. Hafnarfjörður | Mýrafell | 1811 | ÍS | 123 | 21.470 |
| Hofskel ehf. Hofsós | Bylgja | 1819 | SK | 6 | 45.977 |
| Pétur Ingi Vigfússon Hellissandur | Fúsi | 1849 | SH | 161 | 43.094 |
| Hafnarnes hf. Þorlákshöfn | Sæfari | 1855 | ÁR | 117 | 20.061 |
| Sandbrún ehf. Hellissandur | Rifsari | 1856 | SH | 70 | 141.158 |
| Ægir sf. Akranes | Bresi | 1887 | AK | 101 | 35.146 |
| Kolsvík ehf. Patreksfjörður | Brekey | 1890 | BA | 236 | 50.719 |
| Friðgerður Pétursdóttir Ólafsvík | Pétur afi | 1898 | SH | 374 | 441.684 |
| Samherji hf. Akureyri | Þorsteinn | 1903 | EA | 810 | 43.325 |
| Sigurður Jónsson Djúpivogur | Glaður | 1910 | SU | 97 | 6.104 |
| S. Gunnarsson hf. Hafnarfjörður | Snúður | 1913 | HF. | 77 | 106.340 |
| Áki Hermann Guðmundsson Bakkafjörður | Halldór | 1928 | NS | 302 | 314.560 |
| Máni ehf. Reykjavík | Ívar | 1930 | NK | 124 | 234.591 |
| Bratti ehf. Grímsey | Hafaldan | 1960 | EA | 87 | 5.187 |
| Soffanías Cecilsson hf. Grundarfjörður | Grundfirðingur | 1964 | SH | 24 | 92.576 |
| Ragnar Gerald Ragnarsson Keflavík | Arnar | 1968 | KE | 260 | 182.458 |
| Haraldur Þorgeirsson Hafnarfjörður | Hafsvala | 1969 | HF. | 107 | 17.147 |
| Gunnvör hf. Ísafjörður | Júlíus Geirmundsson | 1977 | ÍS | 270 | 3.698 |
| Fiskvon hf. Patreksfjörður | Þorsteinn | 1979 | BA | 1 | 120.822 |
| Bryndís Ágústa Svavarsdóttir Egilsstaðir | Bryndís | 1986 | SH | 231 | 267.442 |
| Viggó Jón Einarsson Hofsós | Ingileif | 2014 | SK | 28 | 102.032 |
| Útgerðarfélagið Njörður ehf., Húsavík Kópavogur | Þór Pétursson | 2017 | GK | 504 | 523.341 |
| Ólafur Pétursson Reykjavík | Jón Pétur | 2033 | RE | 411 | 9.926 |
| Dagur Brynjólfsson Hafnarfjörður | Gullfari II | 2068 | HF. | 290 | 12.775 |
| Ólafur hf., útgerð Reykjavík | Ólafur | 2069 | HF. | 251 | 57.747 |
| Þorleifur Ingólfsson Sauðárkrókur | Fannar | 2098 | SK | 107 | 97.541 |
| Bersi sf., Hafnarfirði Garðabær | Íslandsbersi | 2099 | HF. | 13 | 6.495 |
| Jökull hf. Raufarhöfn | Brimir | 2155 | ÞH | 10 | 317.392 |
| Gunnar Þór Grétarsson Njarðvík | Skarfaklettur | 2280 | GK | 302 | 24.838 |
| Guðbjörn Sigurpálsson Fáskrúðsfjörður | Víkingur | 2296 | SU | 43 | 68.830 |
| Sólbakki ehf. Keflavík | Örn | 2313 | KE | 14 | 685.717 |
| Hallgrímur Guðfinnsson Selfoss | Frímann | 5227 | ÍS | 40 | 2.088 |
| Benoný Þórhallsson Grindavík | Fiskavík | 5600 | ST | 32 | 32.478 |

| *Nafn útgerðar* | *Heiti skips* | *Sundurliðun: Skipaskrárnr.* | *Einkst.* | *Einknr.* | *Álagt gjald kr.* |
|---|---|---|---|---|---|
| Snjólfur Gíslason Breiðdalsvík | Vonin | 6005 | SU | 36 | 14.081 |
| Kristján Hannesson Akureyri | Gustur | 6030 | EA | 99 | 8.805 |
| Reynir Gunnarsson Reyðarfjörður | Stella | 6124 | SU | 44 | 9.142 |
| Björn Kjartansson Ólafsfjörður | Þröstur | 6169 | ÓF | 24 | 5.196 |
| Ton Khorchai Bakkafjörður | Freyðir | 6196 | NS | 16 | 7.025 |
| Sigurgeir Júlíusson Hrísey | Sæunn | 6286 | EA | 9 | 13.544 |
| Jóhannes Lange Kópavogur | Rún | 6340 | KÓ | 7 | 20.754 |
| Stefán Jónsson Akranes | Grímur | 6562 | AK | 11 | 550.097 |
| Kjartan Þ. Kjartansson Suðureyri | Rósborg | 6579 | ÍS | 29 | 17.480 |
| Kristófer S. Jónasson Ólafsvík | Sædís | 6582 | SH | 138 | 35.862 |
| Stuðlaberg, útgerð Grenivík | Eyfjörð | 6610 | ÞH | 203 | 15.585 |
| Einar Guðmundsson Patreksfjörður | Ljúfur | 6626 | BA | 302 | 135.632 |
| Stefán Þóroddsson Kópasker | Þórey | 6664 | ÞH | 303 | 86.686 |
| Sandbrún ehf. Hellissandur | Diddi | 6675 | SH | 42 | 71.252 |
| Guðmundur Karl Karlsson Bessastaðahreppur | Gustur | 6700 | NS | 133 | 45.373 |
| Ólafur Sigurjónsson Sandgerði | Líf | 6787 | GK | 17 | 32.265 |
| Guðmundur R. Guðmundsson Drangsnes | Kristbjörg | 6797 | ST | 6 | 9.992 |
| Unnur ehf. Þingeyri | Unnur | 6822 | ÍS | 888 | 39.300 |
| Marinó Jónsson ehf. Bakkafjörður | Digranes | 6836 | NS | 124 | 9.927 |
| Marinó Jónsson ehf. Bakkafjörður | Fagranes | 6887 | NS | 121 | 52.112 |
| Jóhann Halldórsson Vestmannaeyjar | Gustur | 6985 | VE | 101 | 13.809 |
| Útgerðarfélagið Röðull ehf. Raufarhöfn | Andri | 7007 | ÞH | 28 | 30.852 |
| Garðar Haukur Steingrímsson Sauðárkrókur | Gammur | 7049 | SK | 12 | 19.934 |
| Vigfús Vigfússon Höfn | Dögg | 7095 | SF | 18 | 401.773 |
| Böðvar Ingvason Akranes | Emilía | 7113 | AK | 57 | 2.030 |
| Haukur Randversson Reykjavík | Geysir | 7164 | SH | 39 | 6.854 |
| Sigfús Gunnl. Skúlason Reykjavík | Anna | 7211 | RE | 217 | 35.880 |
| Guðjón Gíslason Eskifjörður | Svala | 7226 | SU | 61 | 88.430 |
| Marteinn Gíslason Tálknafjörður | Glaður | 7234 | BA | 226 | 439.058 |
| Hjörtur Sigurðsson Stykkishólmur | Pegron | 7243 | SH | 140 | 22.088 |
| Sigurjón Fannar Jakobsson Grundarfjörður | Jakob Einar | 7277 | ST | 123 | 17.072 |
| Eyrún S. Óskarsdóttir Garðabær | Sædís | 7331 | RE | 27 | 132.032 |
| Bjarni Jónsson ehf. Reykjavík | Hulda | 7335 | RE | 31 | 172.596 |
| Óli Ólason Grímsey | Trausti | 9021 | EA | 157 | 104.957 |
| | | | | Samtals kr. | 29.587.128 |

Upplýsingar þessar eru birtar samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

Reykjavík, 27. mars 2001.
**Fiskistofa.**

4395)

# Nauðungarsölur

## Akranes

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Stillholti 16-18, Akranesi, föstudaginn 11. maí 2001 kl. 14.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Garðabraut 45, hluti 03.05 | Marteinn Steen Rossen og Ásta Laufey Ágústsdóttir | Akraneskaupstaður | 74.149 |

4389)

inn var samþykktur og gefinn út. Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar er hann ekki með skráð lögheimili, þ.e. óstaðsettur í hús í Kópavogi frá 21. ágúst 2000, en stefnda Lára Grettisdóttir er með lögheimili að Nýbýlavegi 14, Kópavogi. Stefnubirting var reynd á bæði stefndu að Nýbýlavegi 14, Kópavogi, 7. og 8. mars 2001, en stefnuvottar fundu stefndu þar ekki, en var tjáð að þau væru farin þaðan og fyndust ekki. Mun staðfesting um þetta lögð fram við þingfestingu málsins. Stefnandi á því ekki annað úrræði, en birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Inn á skuldina var greidd innborgun, kr. 10.000, þann 18. maí 2000 og verður tekið tillit til þess við uppgjör kröfunnar. Eftirstöðvar skuldarinnar hafa ekki fengist greiddar þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu þeirra.

*Lagatilvísanir:* Vísað er til víxillaga nr. 93/1933, einkum 7. kafla laganna um fullnustu vegna greiðslufalls. Málið er rekið skv. 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og er honum því nauðsyn á að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu. Varðandi varnarþing vísast til 32. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði skv. heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð gögn.
3. Víxil.
4. Útskrift úr Þjóðskrá, dags. 20. og 23. mars 2001.
5. Birtingarvottorð dags. 7. mars 2001 um að birting hafi ekki tekist gagnvart stefndu Láru Grettisdóttur, ásamt stefnu. Guðmundi Otra Sigurðssyni, ásamt stefnu.
6. Birtingarvottorð dags. 8. mars 2001 um að birting hafi ekki tekist gagnvart stefnda.
7. Eintak þess Lögbirtingablaðs, sem stefna þessi birtist í.

8.-9. Innheimtubréf.

Áskilnaður er gerður um framlagningu frekari gagna gefi málatilbúnaður stefndu tilefni til þess.

*Áskorun og viðvörun:* Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til undirritaðs umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi Reykjaness á dómþingi, sem haldið verður að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, þann 30. maí 2001 kl. 9.00 árdegis og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirsvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Hafnarfirði, 27. mars 2001.
F. h. stefnanda,
**Árni Grétar Finnsson.**

(4375

**Dómstjórinn í Reykjavík,**
**Friðgeir Björnsson,**

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Hrannar Jónsson hdl., að hann þurfi f.h. Frjálsa fjárfestingarbankans hf., kt. 691282-0829, áður Samvinnusjóðs Íslands hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík, að

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Jaðarsbraut 35, hluti 0201 4390) | Guðni Jónsson og Ingveldur M. Sveinsdóttir | Íbúðalánasjóður | 114.210 |
| Kirkjubraut 12 4391) | María Jósefsdóttir | Íbúðalánasjóður | 48.878 |
| Sandabraut 13, efri hæð 4392) | Anna Snjólaug Eiríksdóttir og Einar Kristinn Gíslason | Íbúðalánasjóður | 168.676 |
| Suðurgata 87, hluti 4393) | Ágúst Grétar Ingimarsson | Bifreiðaverkstæðið Ásinn ehf. | 85.731 |

Akranesi, 27. mars 2001
Sýslumaðurinn á Akranesi,
**Ólafur Þ. Hauksson.**

# Nauðungarsölur

## Ólafsfjörður

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Ólafsvegi 1, Ólafsfirði, miðvikudaginn 16. maí 2001 kl. 10.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Pálsgata 1 4401) | Sigvaldi Þorleifsson ehf. | Byggðastofnun | 10.760.321 |
| Strandgata 5, neðri hæð 4402) | Þorleifur Gestsson | Lögreglustjóraskrifstofa | 62.155 |

Ólafsfirði, 29. mars 2001.
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði,
**Ingvar Þórodsson** fulltrúi.

fengnu leyfi lögum samkvæmt að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á neðangreindu veðskuldabréfi.

*Dómkröfur:* Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi skuldabréf, upphaflega að fjárhæð kr. 2.434.922 útg. 23. júlí 1997 af Katrínu Garðarsdóttur, kt. 100967-3089, Gullsmára 8, 200 Kópavogi, til Samvinnusjóðs Íslands hf., kt. 691282-0829, Sigtúni 42, 104 Reykjavík.

*Fyrirsvar:* Hrannar Jónsson hdl., lögfræðideild Frjálsa fjárfestingarbankans hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík, flytur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

*Málsástæður og önnur atvik:* Skuldabréf það sem krafist er ógildingar á er með þinglýsingarnúmerið B-1282/97, upphaflega að fjárhæð kr. 2.434,922 útg. 23. júlí 1997 af Katrínu Garðarsdóttur, kt. 100967-3089, Gullsmára 8, 200 Kópavogi, til Samvinnusjóðs Íslands hf., kt. 691282-0829, Sigtúni 42, 104 Reykjavík, upphaflega tryggt með 2. veðrétti í bifreiðinni VF-915, Mercedes Benz E 250D, árgerð 1993. Samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins skyldi það greiðast með 60 mánaðarlegum afborgunum, fyrst 2. september 1997. Lánið skyldi bundið vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu 179,80. Vextir af höfuðstól skyldu vera fastir vextir 8,8% og skyldu þeir reiknast frá 30. júní 1997. Með veðflutningi, veðbandslausn, skuldskeytingu og breytingu á greiðsluskilmálum skuldabréfsins, dags. 26. mars 1998, var veðtryggingin flutt yfir á bifreiðina NT-335, Mitsubishi Galant, árg. 1997, á 1. veðrétt. Greiðandi skuldabréfsins var Sveinbjörn Freyr Arnaldsson, kt. 171172-4549, Vindási 4, 110 Reykjavík, og var uppgreiðsluverðmæti bréfsins kr. 1.550.000 og bar að endurgreiða það með 60 mánaðarlegum afborgunum, fyrst 2. maí 1998 og fyrsti vaxtadagur var 26. mars 1998. Með skuldskeytingu dags. 17. júlí 1998 varð Þorlákur Sveinsson, kt. 180472-4449, Suðurvangi 10, 220 Hafnarfirði, skuldari að veðskuldabréfinu. Þann 17. maí 2000 var gerð ný skuldskeyting á veðskuldabréfinu og þá varð skuldari þess Rósa Kristjánsdóttir, kt. 230972-4789, Blómvangi 3, 220 Hafnarfirði. Þann 27. mars 2000 ákvað stjórn Samvinnusjóðs Íslands hf., að breyta nafni sjóðsins í Frjálsa fjárfestingarbankann hf. með sömu kennitölu og er því Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. stefnandi í málinu. Stefnandi kveður hið umstefnda skuldabréf glatað og finnist það ekki þrátt fyrir ítrekaða leit. Honum er því nauðsynlegt að fá dóm til ógildingar á bréfinu svo hann geti innheimt skuld skv. því.

*Lagarök:* Um lagarök vísar stefnandi til 120.-121. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Um varnarþing vísast til 2. mgr. 120. gr. sömu laga.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu þessa máls kveðst stefnandi munu leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Ógildingarstefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Lögbirtingablað það er stefnan er birt í.
4. Ljósrit af skuldabréfinu.
5. Ljósrit af breytingu á greiðsluskilmálum, skuldskeytingu, veðflutningi og veðbandslausn, dags. 26. mars 1998.
6. Ljósrit af skuldskeytingu dags. 17. júlí1998.
7. Ljósrit af skuldskeytingu dags. 17. maí 2000.
8. Veðbandayfirlit fyrir bifreiðina NT-335.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, fimmtudaginn 31. maí 2001, kl. 10.00, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til skuldabréfsins þar sem ella megi búast við að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnenda um ógildingu verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík 19. mars 2001,
**Friðgeir Björnsson.**
(4371

**Aðilar málsins eru:**
*Stefnandi:* Kreditkort hf., kt. 440686-1259, Ármúla 28, pósthólf 8040, 128 Reykjavík.
*Stefnda:* Hjördís Bergsdóttir, kt. 260261-3989, 4, La Pepiniere, Jersey, CI, Bretlandi.

*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Bjarni Þór Óskarsson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 882.336,00, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 252.737 frá 17. janúar 2000 til 17. febrúar 2000, af kr. 497.365 frá 17. febrúar 2000 til 17. mars 2000, af kr. 725.084 frá 17. mars 2000 til 17. apríl 2000, af kr. 782.940 frá 17. apríl 2000 til 17. maí 2000, af kr. 816.904 frá 17. maí 2000 til 19. júní 2000, af kr. 865.435 frá 19. júní 2000 til 17. ágúst 2000, af kr. 880.171 frá 17. ágúst 2000 til 11. september 2000, af kr. 882.336 frá 18. september 2000 til greiðsludags. Inná skuldina hafa verið greiddar þessar innborganir: 1. febrúar 2000 kr. 100.000; 17. febrúar 2000 kr. 153.485; 26. maí 2000 kr. 107.016; 10. október 2000 kr. 350.000; og dragast þær frá skuldinni m.v. stöðu hennar á innborgunardegi.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

